# SKÓLASÓKNARREGLUR Í GRUNNSKÓLUM SKAGAFJARÐAR

**Fjarvera úr kennslustund hefur í för með sér tvö fjarvistarstig og seinkoma eitt stig.**

**Veikindi og leyfi eru talin í heilum dögum.**

**Þetta á þó eingöngu við þegar ekki liggja fyrir eðlilegar og viðeigandi skýringar á fjarvistum.**

## VERKFERILLINN

**5 fjarvistarstig**
**5 veikinda/leyfisdagar**

**ÞREP 1** – Umsjónarkennari ræðir við nemanda (í samræmi við aldur) og hefur samband við forsjáraðila

Umsjónarkennari kemur fyrst aðvandanum og leitar skýringa og úrbóta.

**10 fjarvistarstig**
**10 veikinda/leyfisdagar**

**ÞREP 2** – Umsjónarkennari boðar nemanda (í samræmi við aldur) og forsjáraðila á fund - Staðan er tilkynnt skólastjórnendum

Næst tekur skólastjóri eða fulltrúi hans við stjórn málsins og leitar skýringa og úrbóta.

**20 fjarvistarstig**
**15 veikinda/leyfisdagar**

**ÞREP 3** – Umsjónarkennari boðar nemanda (í samræmi við aldur) og forsjáraðila á fund ásamt náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnannda ef þörf þykir

Ef skýringar og úrbætur leysa ekki mætingarvanda nemandans, leitar skólastjóri eftir aðstoð hjá nemendaverndarráði skólans.

**30 fjarvistarstig**
**20 veikinda/leyfisdagar**

**ÞREP 4** – Málið tekið upp í nemendaverndarráði til umfjöllunar og úrlausnar. Forsjáraðilar eru boðaðir til fundar ásamt umsjónarkennara, skólastjóranda og fulltrúa fræðsluþjónustu.

Nemendaverndarráð leitar til fræðsluþjónustu Skagafjarðar.

**40 fjarvistarstig**
**30 veikinda/leyfisdagar**

**ÞREP 5** – Skólastjóri tilkynnir málið formlega til Barnaverndar og Fræðsluþjónustu Skagafjarðar til úrlausnar.

Ef ekki tekst að leysa skólasóknarvanda með lausnum sem þessir aðilar leggja til er málinu vísað til Barnaverndar Skagafjarðar.

VISSIR ÞÚ AÐ...

Góð skólasókn getur stutt við farsæld nemenda í framtíðarnámi og -starfi

Ítrekaðar seinkomur í upphafi dags, geta haft áhrif á nám, líðan og félagslega stöðu

Barn getur dregist aftur úr námi þótt það missi aðeins úr 1-2 daga á nokkurra vikna fresti

Mikil fjarvera getur haft áhrif á allan námshópinn ef kennari þarf að aðstoða einstaka nemendur við að vinna upp tapaðar skólastundir

Góð skólasókn styður jákvæða sjálfsmynd nemenda í skólanum og getur verið einn af grundvallarþáttum vellíðunar barns í skóla

**Samkvæmt 19. gr. laga um grunnskóla bera forsjáraðilar skólaskylds barns ábyrgð á því að barnið sæki skóla. Þeir bera einnig ábyrgð á námi barna sinna og að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara. Skyldur samfélagsins eru að tryggja þeim aðstoð sem eru í vanda. Því hefur fræðsluþjónusta Skagafjarðar ákveðið verklag þegar misbrestur verður á skólasókn og tekur það einnig til fjarvista vegna veikinda- og/eða leyfisdaga. Verklagið skiptist í nokkur þrep sem útskýrð eru hér að ofan.**